



Starfslýsing dansnefndar/dansklúbbs

1. Klúbburinn heitir dansklúbbur EBAK. Nefndarmenn eru 3-6. Hlutverk klúbbsins er að gefa félögum hans tækifæri til að koma saman og dansa, læra nýja dansa og njóta samverunnar. Tilgangurinn er jafnframt þáttur í heilsuefningu félaga í EBAK.
2. Nefndin starfar eftir starfslýsingu, sem stjórn félagsins setur í samráði við viðkomandi nefnd/klúbb. Gert er ráð fyrir að formaður yfirfari starfslýsingu með sínum nefndamönnum í upphafi hverrar haustannar. Starfsemin byggist einkum á 9. grein samþykta félagsins, en einnig á 5., 6. og 10. grein þeirra.
3. Á fyrsta fundi eftir aðalfund kýs nefndin sér formann, ritara og gjaldkera til eins árs. Formaður tilkynnir stjórn félagsins (ritara) um verkaskiptinguna að loknum fundi. Nefndin getur hvatt sér fleiri félagi til aðstoðar þegar þykir henta.
4. Hlutverk nefndarmanna er:
 - a) að halda skráningu yfir meðlimi dansklúbbsins, þ.m.t. símanúmer, netföng og mætingu.
 - b) að skipuleggja danstíma árlega á haust- og vorönn, m.a. dagsetningar, hvort og hvenær er ástæða til að fá leiðsögn kennara eða leiðbeinenda o.s.frv.
 - c) að bera ábyrgð á framkvæmd danstíma, val og spilun á tónlist, innheimtu dansgjalda og utanumhald fjármála klúbbsins.
 - d) að undirbúa dansnámskeið ef eftirspurn er eftir því.
 - e) að sett verði viðmið um fjölda aðila í dansklúbbum í samráði við klúbbfélaga.
 - f) að óska eftir vinnuframlagi klúbbfélaga við starfsemi klúbbsins, ef ástæða þykir til.
 - g) að bjóða klúbbfélögum upp á örfundi (spjall) um starfsemina í danstímum eftir þörfum.
5. Klúbburinn hefur aðgang að skrifstofu EBAK til fundahalda og sal félagsins til að dansa, hvort sem eru dansnámskeið eða dansæfingar. Stjórnarfundir og viðvera stjórnarmanna njóta forgangs varðandi notkun á skrifstofu. Panta þarf tíma fyrir fundi og aðra viðburði hjá starfsmanni, sem skráir þá í möppu í eldhúsi. Ræstingafólki þarf að tilkynna um viðburði sem fara fram eftir kl. 16 virka daga og um helgar. Nefndarfólk ber ábyrgð á að loka gluggum, ganga frá í sal, slökkva ljós og læsa hurðum að loknum viðburði eftir því sem við á.
6. Þátttöku í öllum atburðum þarf að skrá. Upplýsingum skal skila til ritara félagsins fyrir hvern aðalfund.
7. Klúbburinn leitast við í störfum sínum að efla starfsemi félagsins á sínu sviði með þróun og nýbreytni. Umsjónarmenn og stjórn félagsins efna til viðhorfskannana meðal félagsmanna, þegar henta þykir, á þeirri afþreyingu og tómskundastarfi sem í boði er á hverjum tíma.
8. Formanni ber að sjá til þess að skriflegum gögnum klúbbsins sé haldið til haga. Gögnin skulu geymd á skrifstofu félagsins. Klúbburinn hefur aðgang að tölvu á skrifstofunni og sitt heimasvæði fyrir gögn sem heppilegt er að geyma á rafrænu formi.
9. Nefndin má auglýsa viðburði í fjölmiðlum, í samráði við stjórn félagsins. Auglýsingar, tilkynningar, myndefni, fréttir og annað efni skal birta á heimasíðu og fésbókarsíðu EBAK eins og ástæða þykir til.
10. Fulltrúi nefndarinnar tekur þátt í sameiginlegum fundum stjórnar og nefnda. Nefndin ber ábyrgð á að stjórn félagsins berist réttar upplýsingar til birtingar í fréttabréfi

félagsmiðstöðvanna. Formaður nefndar á rétt til setu á stjórnarfundum með málfrelsi og tillögurétti þegar mál sem snerta nefndina er á dagskrá.

11. Nefndin skal starfa sem mest sjálfstætt. Hún ber ábyrgð á rekstri sínum gagnvart stjórn félagsins og leitast við að hann sé í jafnvægi. Nefndin hefur eigin bankareikning á kennitölu félagsins og hefur gjaldkeri og/eða formaður prókúru á hann. Gjaldkeri skilar fjárhagstölum nýliðins almanaksárs til gjaldkera/bókara félagsins um hver áramót, svo unnt sé að koma þeim til bókara og inn í ársreikning félagsins.
12. Formaður skilar skýrslu um starfsemina í rafrænu formi til ritara félagsins fyrir árlegan aðalfund þess. Skýrslan miðast við tímabilið á milli aðalfunda.
13. Stjórn félagsins getur á hverjum tíma endurskoðað og gert breytingar á starfslýsingu þessari telji hún þess þörf. Samráð skal haft um breytingar við nefndina.
14. Starfslýsingu þessa skal endurskoða eigi síðar en í árslok 2027.

Þannig samþykkt af stjórn félagsins þann 12. október 2022.